

Þriðjudaginn 15. mars 1988.

Nr. 63/1988. **Guðbrandur Jónsson**
 gegn
samgönguráðherra,
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og Flugleiðum hf.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 18. febrúar 1988, er hingað barst 1. þ.m. Hann krefst þess, „að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið og að héraðsdómarinn verði úrskurðaður/dæmdur til að taka við greinargerð vegna dómkröfu að loknum vitnaleiðslum og áður en efnisdómur fellur í málinu og að dómarinn verði ávítaður fyrir að vanrækja skyldur sínar lögum samkvæmt, hlutdrægni og rangar tilvitnanir í munnlegan málflutning stefnanda þann 18. janúar 1988, og að staðfest verði niðurfelling málskostnaðar og að sér „verði tildæmdur hæfilegur kærumálskostnaður““.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Í máli þessu sækir sóknaraðili varnaraðila um skaðabætur að fjárhæð 788.000.000,00 krónur auk vaxta, verðbóta og málskostnaðar. Varnaraðilar kröfðust þess, að málinu væri vísað frá dómi, en auk þess kröfðust þeir sýknu af kröfum sóknaraðila. Ástæður frávísunarkröfu koma fram í forsendum hins kærða dóms.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdómara, að stefna máls þessa sé þannig úr garði gerð, að erfitt sé að koma auga á hverjar séu þær málsástæður, er sóknaraðili byggir kröfur sínar á, og margt þar að finna sem ekki virðist varða skaðabótakröfu hans. Þá er lagagrundvöllur kröfugerðar einnig óljós. Engin tilraun hafði verið gerð til að sýna fram á, hvernig fjárhæð skaðabótakröfunnar væri

fundin. Þessi málaltilbúnaður er ekki í samræmi við 88. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981.

Í greinargerð kæru sinnar til Hæstaréttar hefur sóknaraðili ekki úr þessu bætt en sundurliðar að vísu skaðabótakröfu sína sem hér segir:

„Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda skaðabætur samkvæmt almennum skaðabóta-reglum fyrir fjártjón sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna ólögmæts saknæms atferlis stefndu og hafa stefndu með saknæmum hætti stöðvað mögulegan atvinnurekstur stefnanda í flutningi á pósti og vörum með loftförum á milli Íslands og annarra landa og hefur þetta athæfi stefndu komið í veg fyrir að stefnandi eignaðist þrjú loftför á átta ára kaupleigusamningi og var ætlað kaupverð loftfaranna sem hentuðu til verkefnisins 240 milljónir ísl. króna og kref ég stefndu um tjónabætur fyrir þennan þátt fjártjónsins, *ísl. kr. 240 milljónir*.

Einnig hefur ólögmæt atferli stefndu orðið til þess að koma í veg fyrir eðlilegan arð stefnanda af atvinnurekstri loftfara í átta ár og fyrir þennan þátt fjártjónsins kref ég stefndu um tjónabætur, *ísl. kr. 240 milljónir*.

Einnig hefur ólögmæt atferli stefndu komið í veg fyrir tekjur stefnanda af sölu og flutningi á ferskum fiski með loftförum til Evrópu í átta ár og fyrir þennan þátt fjártjónsins kref ég stefndu um tjónabætur, *ísl. kr. 238 milljónir*.

Einnig hefur ólögmæt atferli stefndu gert stefnanda atvinnulausan sem framkvæmdastjóri, flugstjóri, tæknistjóri og flugrekstrarstjóri næstu átta árin og fyrir þennan þátt fjártjónsins kref ég stefndu um tjónabætur, *ísl. kr. 20 milljónir*.

Einnig hefur ólögmæt atferli stefndu orðið til þess að lögleg, vernduð atvinnuflugmannsréttindi stefnanda til atvinnuflugs loftfara eru að verða ógild vegna atvinnuleysis stefnanda sem flugmaður í flugrekstri. Mismunur launatekna stefnanda sem óbreyttur launþegi og þeirra tekjumöguleika sem stefnandi ætlar að hann hefði aflað sér út á lögvernduð atvinnuflugmannsréttindi útgefnum af stefnda samgönguráðherra, til þess dags sem stefnandi verður að hætta að fljúga sem atvinnuflugmaður samkvæmt reglum stefnda samgönguráðherra, eru ætluð tjón stefnanda og fyrir þennan þátt

fjártjónsins kref ég stefndu um tjónabætur, *ísl. kr. 50 milljónir*.

Heildar dómkrafa stefnanda um skaðabætur úr hendi stefndu er því 788 milljónir ísl. króna eins og fram kemur í stefnu auk vaxta og verðbóta og vísa ég til stefnu og greinargerðar stefnanda.“

Þrátt fyrir þetta skortir enn verulega á að fullnægt sé fyrir mælum laga nr. 85/1936 um skýran og glöggan málatilbúnað, sbr. einkum 88. gr., 105. gr. 1. mgr. og 114. gr., sbr. lög nr. 28/1981 og ber því að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Sóknaraðili telur leiðbeiningum tveggja þeirra dómara, er fóru með mál hans í héraði, hafa verið áfátt og í þinghöldum 18. nóvember 1987 og 18. janúar 1988 takmarkast við eina setningu: „Sá fyrri: „Dómari gætti leiðbeiningarskyldu“, og sá síðari „Stefnandi, sem er ólöglerður er leiðbeint lögum samkvæmt“. Aðrar leiðbeiningar lögum samkvæmt komu ekki fram hjá téðum tveimur dómurum bæjarþings Reykjavíkur.“

Með heimild í 27. gr. laga nr. 75/1973 gerir yfirborgardómarinn í Reykjavík svofellda athugasemd: „Áður en munnlegur málflutningur hófst um frávísunarkröfu stefndu skýrði ég rækilega fyrir stefnanda þau atriði sem ég taldi nauðsynlegt að hann hefði í huga við flutninginn, m.a. mun á flutningi máls um form þess annars vegar og efni hins vegar. Á meðan stefnandi flutti mál sitt sá ég a.m.k. tvívegis ástæðu til þess að ítreka leiðbeiningar mínar og gera stefnanda grein fyrir því að honum væri nauðsyn á að svara fyrir sitt leyti þeim málsástæðum sem lögmenn stefndu færðu fram fyrir frávísunarkröfu sinni og skýra út fyrir dómaranum hversvegna hann teldi að málinu ætti ekki að vísa frá dómi. Stefnandi tók þessum leiðbeiningum.“

Með vísan til þessa standa ekki efni til að sinna kröfu sóknaraðila um ávítur við héraðsdómara.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðilum kærúmálskostnað eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðbrandur Jónsson, greiði varnaraðilum, samgönguráðherra og fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs, 10.000,00 krónur og Flugleiðum hf. 10.000,00 krónur í kærúmálskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. febrúar 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 18. janúar sl. að loknum munnlegum flutningi um frávísunarkröfu stefndu, höfðaði Guðbrandur Jónsson flugstjóri, nnr. 2862-2465, Efstasundi 56, Reykjavík, gegn samgönguráðherra, fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs og Flugleiðum hf., Reykjavíkurflugvelli með stefnu birtri 2. júní 1987.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 788.000.000,00 með 2,5% vöxtum og verðbótum frá 31. janúar 1987 og málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefndu, samgönguráðherra og fjármálaráðherra, eru samhljóða. Þeir krefjast aðallega að málinu verði vísað frá dómi og að fá tildæmdan málskostnað úr hendi stefnanda að mati dómsins. Til vara að þeir verði sýknaðir og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til þrautavara að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Af hálfu stefnda, Flugleiða hf., er þess krafist aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Til vara að stefndi verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu. Til þrautavara að kröfugerð stefnanda verði verulega lækkuð. Þá krefst stefndi þess að fá tildæmdan málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum 10% vegna söluskatts af tildæmdum málskostnaði.

Stefnandi, sem er flugstjóri, sótti um flugrekstrarleyfi til samgönguráðuneytisins með bréfi dags. 6. ágúst 1986. Með umsókn dags. 6. júlí 1986 sótti stefnandi einnig um leyfi til loftferðastarfsemi til samgönguráðuneytisins. Umsókn stefnanda um leyfi til loftferðastarfsemi sendi samgönguráðuneytið til umsagnar Flugráðs, og Flugráð til umsagnar Loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar með bréfi dags. 18. ágúst 1986.

Loftferðaeftirlit Flugmálastjórnar taldi sig ekki geta gefið tæmandi umsögn um umsókn stefnanda vegna skorts á upplýsingum og telur upp í bréfi dags. 15. september 1986 hvað á skorti. Flugráð taldi sig þá ekki geta mælt með veitingu flugrekstrarleyfis á grundvelli umsagnarinnar, að svo komnu máli.

Stefnandi sótti um leyfi til loftferðastarfsemi á nýjan leik með bréfi dags. 18. september 1986. Í því bréfi mótmælir hann athugasemdum Loftferðaeftirlitsins í ýmsum greinum.

Umsókn þessari var vísað til umsagnar Flugráðs. Loftferðaeftirlitið gaf umsögn ódagsetta og taldi enn skorta á upplýsingar frá stefnanda. Á fundi Flugráðs 21. október 1986 var samþykkt að fresta málinu þar til umsækjandi hefði lagt fram fullnægjandi upplýsingar varðandi loftferðastarfsemi.

Í þriðja sinn sótti stefnandi um leyfi til loftferðastarfsemi til samgönguráðuneytisins og er umsókn hans dags. 24. nóvember 1986.

Síðasta umsóknin er í nafni fyrirtækisins Flugstjórinn, sem virðist vera einkafyrirtæki stefnanda.

Loftferðaeftirlit Flugmálastjórnar fékk umsóknina til umsagnar og skilar umsögn dags. 1. desember 1986 og telur að þörf sé á að fá ákveðnar upplýsingar til þess að unnt sé að veita tæknilega/flugöryggislega umsögn um fyrirhugaða flugstarfsemi stefnanda.

Á fundi Flugráðs 2. desember 1986 er bókað að Flugráð telji sér ekki fært að mæla með umsókn stefnanda fyrr en fyrir liggi upplýsingar um það hvaða loftför eigi að nota í rekstrinum, hvar og hverjir eigi að skoða loftförin, hvar þau eigi að geyma. Þá hafi flugrekstrarhandbók og viðhaldshandbók ekki verið lagðar fram.

Samgönguráðherra ritar stefnanda bréf dags. 30. desember 1986. Þar kemur fram m.a. eftirfarandi:

„Á grundvelli umsagnar Flugráðs telur ráðuneytið að hafna verði umsóknum yðar um flugrekstrarleyfi en tekið skal fram að það er reiðubúið að taka erindi yðar að nýju til afgreiðslu, berist ráðuneytinu umsókn studd þeim gögnum sem lög og reglugerðir ákvarða.“

Eins og fyrr greinir gerir stefnandi kröfu á hendur stefndu um greiðslu skaðabóta.

Lýsing stefnanda á bótagrundvelli virðist einna helst koma fram í eftirfarandi setningu í stefnu málsins:

„Stefnandi telur að stefndu hafi af stórfelldum ásetningi og í samsæri margra manna ætlað að koma í veg fyrir að stefnandi fengi atvinnuleyfi til flugrekstrar og komi stefndu þannig eða þar með í veg fyrir mögulega samkeppni við stefnda Flugleiði h.f., og notuðu stefndu til þess skaðlegan atvinnurög í garð fagmanns á öllum erindum stefnanda og hafi athæfi stefnda þjónað hagsmunum stefndu Flugleiðum h.f., og telur stefnandi þessi athæfi stefndu stórfenglegt skaðaverk á fyrirtæki í rekstri verktaka og atvinnumöguleikum stefnanda í framtíðinni.“

Eins og fyrr getur var málið flutt munnlega um frávisunarkröfu stefndu 18. janúar sl.

Af hálfu stefndu, fjármálaráðherra og samgönguráðherra, er því haldið fram að framsetning málsástæðna stefnanda annars vegar og málavaxta hins vegar sé með þeim hætti að illmögulegt sé að greina þar á milli, eða að sjá á hverju kröfur stefnanda séu reistar. Stefnandi geri enga tilraun til þess að upplýsa hvernig stefnukrafan sé fundin. Engin tengsl séu á milli málsreifunar og stefnufjárhæðar og engin gögn í málinu um ætlað tjón hans. Þá hafi stefnandi lagt fram ýmis skjöl sem ekki verði séð að eigi nokkurt erindi í þessu máli. Framlagning málsskjala sé afar óaðgengileg fyrir gagnaðila og dóminn.

Þegar málatilbúnaður stefnanda sé virtur í heild sinni sé vafalaust að

hann brjóti í verulegum atriðum gegn meginreglu 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936 um skýran og glöggan málatilbúnað, sbr. 114. gr. sömu laga. Því beri skv. 116. gr. laga nr. 85/1936 að vísa málinu frá dómi.

Af hálfu stefnda, Flugleiða hf., voru færðar fram röksemdir fyrir frá-vísunarkröfu.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram að málatilbúnaður hans fullnægi ákvæðum 88. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar geti dómurinn lagt dóm á kröfur stefnanda. Rökstuðningur fyrir fjárhæð skaðabótakröfu myndi koma fram í framburði vitna og síðar yrði lögð fram greinargerð um dómkröfu, eftir að vitnaleiðslur hefðu farið fram. Mála-tilbúnaðurinn væri að öllu leyti í samræmi við reglur einkamálalaga, og því ætti ekki að vísa málinu frá dómi.

Stefnandi gerði þá kröfu að stefndu yrðu dæmdir til að greiða honum málskostnað í þessum þætti málsins.

Niðurstaða dómsins.

Stefna málsins er þannig úr garði gerð að erfitt er að koma auga á hverjar eru þær málsástæður sem stefnandi byggir kröfur sínar á, en margt þar að finna sem ekki verður séð að varðað gæti skaðabótakröfu stefnanda.

Þá er einnig óljóst hver sá lagagrundvöllur er sem kröfugerðin kann að byggjast á.

Stefnandi gerir enga tilraun til þess að sýna fram á hvernig fjárhæð umkrafinna skaðabóta, kr. 788.000.000,00, er fundin.

Hér er um slíka vanreifun að ræða og óskýran málatilbúnað að máli þessu ber að vísa frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Friðgeir Björnsson yfirborgardómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.